

Til Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Álit um hvað vantar í fjögurra ára samgönguáætlun 2014-2016

Hef farið yfir þau drög sem að mér bárust frá nefndinni.
Hef eingöngu skoðað svæði IV -Austurland- þar sem að það er mitt svæði.

Vopnafjörður:

Ekki neitt sem er aðkallandi umfram ljósabúnað sem er í áætluninni.

Egilsstaðir:

Egilsstaðir er einn af millilandaflugvöllum á Íslandi. Völlurinn gegnir lykilhlutverki sem aðgangur íbúa frá Jökulsárhlíð suður í Djúpvog að sjúkrahúsum og bráðamóttöku í Reykjavík. Það er mikið atriði að Egilsstaðaflugvöllur sé nothæfur allt árið allan sólarhringinn.

Flugbraut:

Komið er að því að endurmalbika þarf flugbrautina, brautin orðin 20 ára og orðin mjög slétt, erfið í hálku. Ekki vitað hvað slík framkvæmd kostar en hleypur á hundruðum milljóna.

Vélahús:

Á Egilsstaða flugvelli er mikið af dýrum tækjum til snjóruðnings sem og annarra not. Bara snjóruðningstækin kosta um 300 milljónir. Þessi tæki standa úti allan veturinn í öllum veðrum, það hefur verið í umræðunni undanfarin á að reyst yrði vélageymsla en ekki orði af því. Nauðsynin er mikil og kostar eflaust 150 milljónir.

Flughlað:

Flughlaðið á Egilsstöðum er frekar takmarkað. Nauðsyn er að stækka það og þá með brautinni austanmegin. Allar teikningar sem og útboðsgögn liggja fyrir þar sem áætlað var að vera búin að stækka hlaðið. Áætlaður kostnaður á helming þessarar framkvæmdar er 450 millj.

Hornafjörður:

Það sem að mest er þörf fyrir á Hornafirði er endurnýjun á flugbrautarljósum. Ljósín eru gömul frá Egilsstöðum voru send á Hornafjörð fyrir ca. 30 árum. Áætlaður kostnaður við að skipta um ljósín er 50 milljónir. Ekki þarf að skipta um lagnir.

Hef aðeins sett hér á blað það sem er mest áriðandi á þessum flugvöllum sem eru í mestri notkun á Austurlandi. Flugvellir og þeirra búnaður kosta mikið bæði í uppbyggingu og rekstri. Til að geta haldið samgöngu kerfinu í gangi þarf mikla fjármuni.

Egilsstöðum 29 apríl 2014

Jörundur Ragnarsson, umdæmisstjóri Ísavia.